



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

19. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 14. febrúar 2025

kl. 11.00 - 13.00 í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jónhanna Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir.

Forföll: Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Afgreiðsla fundargerða.
2. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ. Framhald.
3. Staðan í kjaramálum og næstu skref.
4. Aðalfundur FPR.
5. Bréf frá HÍ:
 - a) Ósk um umsögn um tillögur að breyttum starfsheitum. (Fskj. 1a-b)
 - b) Ósk um umsögn um tillögu að breytingum á reglum um ótímabundna ráðningu. (Fskj. 2a-c)
6. Tillaga um málþing um stöðu og framtíð HÍ. (Fskj. 3)
7. Næsti fundur.
8. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.20.

1. Afgreiðsla fundargerða.

Þær fundargerðir sem átti eftir að afgreiða voru samþykktar.

2. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ. Framhald.

Fundarröð FPR með hverjum og einum frambjóðenda verður á eftirfarandi dögum; 19. febrúar kl. 16-18 í Odda 201 og þann 24. febrúar kl. 15-18 í Odda 101. Farið var yfir spurningar stjórnar til frambjóðenda sem þeir munu fá fyrir fundinn.

Sameiginlegi fundur FPR með Félagi háskólakennara og frambjóðendum verður fimmtudaginn 6. mars í Odda 101.

3. Staðan í kjaramálum og næstu skref.

Sigrún sagði frá fundi með rektor HÍ og fleiri aðilum um stöðuna í kjaramálum þann 13. febrúar. Þá var fundur þann sama dag með háskólamálaráðherra um fjármögnun háskólastigsins. Fundur hjá ríkissáttasemjara fyrr um morguninn skilaði ekki áþreifanlegum árangri en samtalið heldur áfram í næstu viku.

4. Aðalfundur FPR.

Ákveðið var að aðalfundur FPR verði þriðjudaginn 13. maí kl. 14-17.

5. Bréf frá HÍ:

a) Ósk um umsögn um tillögur að breyttum starfsheitum. (Fskj. 1a-b)

Tillaga að breyttum starfsheitum akademísku starfsfólks barst félaginu þann 11. febrúar sl. Umsagnarfrestur er til og með 3. mars. Málið var rætt og var stjórn sammála um að gera ekki athugasemdir við tillögurnar.

b) Ósk um umsögn um tillögu að breytingum á reglum um ótímabundna ráðningu. (Fskj. 2a-c)

Tillaga að endurskoðun reglna um ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna að loknum reynslutíma barst félaginu þann 12. febrúar. Umsagnarfrestur er til og með 3. mars. Ákveðið var að fara betur yfir málið áður en ákvörðun er tekin um umsögn um málið.

6. Tillaga um málþing um stöðu og framtíð HÍ. (Fskj. 3)

Málið var rætt og stjórn sammála um að skoða málið nánar.

7. Næsti fundur.

Næsti fundur er áætlaður föstudaginn 7. mars kl. 11-13 í Gimli 301.

Hermína fór kl. 12.30.

8. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri upplýsti að máli nr. 3-2025 lauk með sátt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.

Fundarritari: LP.